

óskiljanlegri fyrir það, hvað þær voru hratt lesnar, og svo söng hann þær frá enda til enda ásamt bandingjunum. Innihald bænanna var mest megnis árnaðar óskir til keisarans og hans húss. Þessar fyrirbæinir voru marg endurteknar hver út af fyrir sig og svo í sameininingu með öðrum bænum; á meðan kraup allur múgurinn. Auk þess las djákninn nokkur vers úr Postulanna gjörningum í reglulegum meðhjálpararóm, svo ómögulegt var að fylgjast með einu orði af því, er hann las, en því næst tók presturinn við og las skýrt og skilmerkilega kafla úr guðspjalli Markúsar, er hljóðaði um það, er Kristur, eftir að hann hafði risið upp frá dauðum og áður en hann fór til himna til að setjast við hægri hönd föðursins, fyrst sýndi sig Marju frá Magdölum, af hverri hann hafði útrekið sjö djöfla, og svo þeim ellefu lærisveinum sínum og boðið þeim að fara og kenna fagnaðarerindið öllum þjóðum, og bætti presturinn við, að hver sá, er ekki tryði því, myndi fyrirfarast, en sá, er tryði því og væri skírður, myndi hólpinn verða og einnig geta útrekið djöfla, læknað fólk með handayfirlagningum, talað ókunnum tungum, tekið upp höggormi, drukkið eitur án saka, en verið jafngóður eftir.

Aðalkjarni guðsþjónustunnar var fólgin í átrúnaði þeim, að brauðmolarnir, er presturinn bitaði niður og lét í vinið, yrðu að holdi og blóði guðs, þegar búið væri að handleika þá og blessa yfir þeim.

En með þeim hætti urðu molarnir að vera handleiknir, að presturinn, með jöfnu millibili, ýmist fórnaði upp höndunum, eða lét þær falla niður, og átti hann þó ervitt með hvorttveggja vegna gullna skrudans, er hann var í. En aðal athöfnin var þó fólgin í því, að hann tók dúk, hélt í tvö horn honum og veifaði honum hægt og seint upp og niður yfir silfurdiskinum og gullstaupinu. Það var trúin, að á þeirri stundu yrði brauðið og vinið að holdi og blóði. Þess vegna var og sá hluti athafnarinnar framinn með þeirri stökustu lotningu.

„Vegsömuð sé sú sæla hreinleikans og heilagleikans móðir guðs,“ hrópaði presturinn þar næst innan frá því gullna millibili, er aðskildi þann hluta kyrkjunnar frá hinum fremri, og í því byrjaði kórinn að syngja í lotningarfullum róm, að það væri skyldugt að vegsama hina heilögu mey, er alið hefði Krist án